

Nd.

768. Breytingartillögur

[289. mál]

við frv. til l. um Landmælingar Íslands.

Frá samgöngunefnd.

1. Við 4. gr. Greinin orðist svo:
Um skipulag og starfsháttu Landmælinga Íslands skal nánar ákveðið í reglugerð, þ. á m. skulu vera ákvæði um að þeir aðilar, sem landmælingar stunda, hafi samráð sín á milli.
2. Við 5. gr. 1. tl. orðist svo:
Setning staðla fyrir landmælingar og kortagerð og gerð landfræðilegra og staðfræðilegra grundvallarmælinga til kortlagningar á Íslandi og umsjón með þeim. Mælingar skulu gerðar eftir skipulögðu mælingakerfi.
3. Við 11. gr. Greinin orðist svo:
Landmælingar Íslands geta leyft afnot af gögnum stofnunarinnar til korta- eða ljósmyndaútgáfu gegn greiðslu.
4. Við 12. gr. Greinin orðist svo:
Landmælingar Íslands afla sér tekna á eftirfarandi hátt:
Með sölu korta og þjónustu.
Með innheimtu sérstaks stimpilgjalds af hverju korti sem gefið er út af landinu öllu eða einstökum hlutum þess og boðið er til sölu eða dreift án endurgjalds.
Undanþegin greiðslu stimpilgjalds eru:
 1. kort sem gefin eru út eða unnin af ríkisstofnunum eða sveitarfélögum eða fyrir þau,
 2. uppdrættir í dagblöðum, tímaritum eða bókum sem framar öllu er ætlað að vera til skýringar á rituðum texta,
 3. kort til notkunar í vísindalegum tilgangi eða til kennslu.Gjöld samkvæmt 2. mgr. skulu innheimt til ríkissjóðs.
Tekjum samkvæmt þessari grein skal einungis varið til landmælinga og kortagerðar á vegum Landmælinga Íslands.
Kostnaður við starfrækslu Landmælinga Íslands umfram ofangreindar tekjur skal greiddur úr ríkissjóði.
5. Við 13. gr. Greinin orðist svo:
Ráðherra ákveður með gjaldskrá stimpilgjald samkvæmt 12. gr.
Enn fremur skal söluverð korta og gjald fyrir þjónustu háð samþykki ráðherra.
6. Á undan 14. gr. í VI. kafla komi ný gr. er orðist svo:
Eigendum jarða og annarra landareigna og ábúendum jarða, svo og sveitarstjórnnum sem afréttarlönd heyra undir, er skylt að heimila þá för um landareignina og uppsetningu mælingamerkja/punkta sem nauðsynleg getur talist vegna landmælinga.
7. Við ákvæði til bráðabirgða bætist ný mgr., svohljóðandi:
Lög þessi skal endurskoða eigi síðar en að þremur árum liðnum.